

## FW: Beiðni um fjármagn til fornleifarannsókna

**Til** : Þórður Vilberg Guðmundsson <thordur.vilberg@fjardabyggd.is>  
**Frá** : Stefán Þór Eysteinnsson <stefan@matís.is>  
**Heiti** : FW: Beiðni um fjármagn til fornleifarannsókna  
**Málsnúmer** : 2402019  
**Málsaðili** : Félag áhugafólks um fornleifara  
**Skráð dags** : 02.02.2024 10:00:29  
**Höfundur** : Stefán Þór Eysteinnsson <stefan@matís.is>

**From:** Björgvin Valur Guðmundsson

**Sent:** föstudagur, 22. september 2023 08:20

**To:** jona.a.tordardottir@fjardabyggd.is; Stefán Þór Eysteinnsson ; Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir ; raustehf

**Subject:** Beiðni um fjármagn til fornleifarannsókna

Ágæta bæjarráð.

Með þessum pósti vil ég, fyrir hönd Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði, sækja um áframhaldandi fjárstuðning frá Fjarðabyggð vegna fornleifarannsókna í Stöð á Stöðvarfirði. Fjarðabyggð hefur lagt verkefninu til eina milljón króna á ári hverju og það hefur skipt sköpum um framgang verkefnisins.

Rannsóknirnar í sumar staðfestu að eldra húsið væri skáli því þar fannst langeldur en hann fyrirfinnst í nær öllum skálum frá þessum tíma. Einnig fannst í sumar mynd af víkingaskipi, rist í stein, og er það talin vera elsta mynd sem fundist hefur á Íslandi. Hún hefur vakið gríðarlega athygli fræðimanna víða um heim og hefur verið tekin upp af okkur sem táknmynd verkefnisins.

Ég vil minna á sumt af því sem þessar rannsóknir í Stöð hafa leitt í ljós á þeim tíma sem þær hafa staðið yfir:

- Um er að ræða elstu mannvistarleifar á Íslandi
- Fyrsti landnámskáli sem finnst á Austurlandi og jafnframt sá elsti
- Þar var mikið ríkidæmi en í yngri skálanum hafa fundist fleiri perlu en í nokkru öðru húsi frá landnámsöld á Íslandi
- Í yngri skálanum hafa fundist silfurpeningar, silfur og gull
- Þarna var í upphafi útstöð þar sem veiðimenn frá öðrum löndum höfðu búsetu
- Í Stöð voru unnar afurðir úr sjávarspendýrum
- Þarna eru vísbendingar um verslun og viðskipti

Í sumar verður hldið áfram að rannsaka þær útbyggingar sem hafa fundist og bera merki þess að vera vinnslustöðvar (lýisbræðsla t.d.) og eldri skálinn verður vonandi kláraður. Allt veltur þetta á fjármagni þeim og fjölda rannsækenda sem ræðst af því.

Hér er hlekkur á Facebook-síðu verkefnisins en þar er m.a. að finna skýrslu sumarsins 2022 (skýrsla þessa árs verður ekki tilbúin fyrr en nær dregur jólum): <https://www.facebook.com/groups/322736717850200>

Ég vil svo að lokum hvetja bæjarfulltrúa og bæjarstjóra til þess að heimsækja Stöð á meðan á uppgreftri stendur (júní á hverju sumri) til þess að sjá hvað þar fer fram og ræða við fornleifafræðingana sem þar eru að störfum. Þeir munu taka ykkur fagnandi.

Með von um góðar viðtökur

f.h. Félags áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði

Björgvin Valur Guðmundsson  
formaður

